

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/39****2019/EES/58/06****frá 10. janúar 2019****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (1), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 (2) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.
- 2) Samkvæmt upplýsingum frá Ástralíu hafa heiti og veffang lögbæra yfirvaldsins breyst.
- 3) Samkvæmt upplýsingum frá Kanada hafa vefföng eftirlitsaðilanna „Oregon Tilth Incorporated“ og „TransCanada Organic Certification Services“ breyst. Enn fremur hefur viðurkenning á eftirlitsaðilanum „Organic Certifiers“ verið afturkölluð.
- 4) Samkvæmt upplýsingum frá Indlandi hefur heiti lögbærs yfirvalds þess breyst.
- 5) Samkvæmt upplýsingum frá Japan hefur viðurkenning á eftirlitsaðilunum „Japan Eco-system Farming Association“ og „The Mushroom Research Institute of Japan“ verið afturkölluð.
- 6) Samkvæmt upplýsingum frá Nýja-Sjálandi hafa heiti eftirlitsaðilans „BioGro New Zealand“ og vefföng allra eftirlitsaðilanna breyst.
- 7) Samkvæmt upplýsingum frá Lýðveldinu Kóreu hafa vefföng eftirlitsaðilanna „Jeonnam bioindustry foundation“ og „Green Environmentally-Friendly certification center“ breyst. Enn fremur hefur viðurkenning á eftirlitsaðilanum „Controlunion“ verið afturkölluð.
- 8) Samkvæmt upplýsingum frá Sviss hafa heiti og veffang eftirlitsaðilans „IMOSwiss AG“ breyst.
- 9) Skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.
- 10) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Agricert- Certificação de Produtos Alimentares Ida“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætlanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Egyptalands, Gíneu og Mósambík.
- 11) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Albinspekt“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætlanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Armeníu, Bosníu og Hersegóvínú, Montenegró (Svartfjallaland), Makedóníu (Fyrirverandi Lýðveldi Júgóslavíu) og Serbíu og að því er varðar vöruflokk B til Írans, Kasakstans, Moldóvu, Tyrklands og Úkraínu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 106. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

- 12) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bioagricert- S.r.l“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, D og E til Kasakstans, að því er varðar vöruflokk B til Frönsku Pólýnesíu og að því er varðar vöruflokka A og D til Filippseyja.
- 13) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bio.inspecta AG“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Alsír, Kambódíu, Chad og Túnis.
- 14) Hinn 6. september 2018 upplýsti IOAS, faggildingaraðili á sviði lífrænnar framleiðslu, framkvæmdastjórnina um þá ákvörðun sína að afturkalla faggildingu „Bolicert Ltd“ vegna þess að eftirlitsaðilinn lét undir höfuð leggjast að ráða bót á því að ekki var farið að tilskildum ákvæðum innan hámarksfjölda tímabila til framlagningar sem er heimilaður samkvæmt málsmeðferð IOAS við mat. Enn fremur leiddi úttekt, sem framkvæmdastjórnin innti af hendi hjá „Bolicert Ltd“ í Bólvíu í maí 2017, í ljós annmarka á stöðlum fyrir lífræna framleiðslu og eftirlitsráðstöfunum. Í ljósi þessara aðstæðna fór framkvæmdastjórnin fram á það við „Bolicert Ltd“ að það legði fram gilt faggildingarvottorð og gripi til fullnægjandi ráðstafana til að taka á annmörkunum. Að teknu tilliti til þess að „Bolicert Ltd“ lét undir höfuð leggjast að gera viðeigandi og tímanlegar aðgerðir til úrbóta til að taka á annmörkunum og láta framkvæmdastjórninni í té gilt faggildingarvottorð tók framkvæmdastjórnin þá ákvörðun, í samræmi við d-, e- og f-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, að fella „Bolicert Ltd“ brott af skránni yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfírvöld að því er varðar jafngildi.
- 15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Líbanons, vöruflokk B til Haítí, Moldóvu og Tansaníu, vöruflokk E til Srí Lanka og vöruflokk F til Kenya. Að auki er útlit fyrir að afturkalla þurfi viðurkenningu hennar að því er varðar vöruflokk C fyrir Brúnei, Chile (Síle), Kína, Ekvador, Hong Kong, Hondúras, Indland, Japan, Lýðveldið Kóreu, Marokkó, Mónakó, Madagaskar, Mósambík, Perú, Taíland, Túnis, Tyrkland, Bandaríkin og Víetnam.
- 16) Framkvæmdastjórnin fór fram á það við „Ekoagros“ að það legði fram viðbótarupplýsingar um starfsemina sem fellur undir ársskýrslu þess í samræmi við b-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. „Ekoagros“ var einkum beðið að leggja fram upplýsingar um hvernig tekið hefði verið á frávikum rekstraraðila, sem tekið var við af öðrum eftirlitsaðilum í Úkraínu, í samræmi við 92. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008⁽³⁾. Enn fremur var „Ekoagros“ beðið að útskýra hvernig viðbótareftirliti með tilteknum afurðum, sem eru upprunnar í Úkraínu, Kasakstan og Rússlandi, var komið í framkvæmd. „Ekoagros“ tókst ekki að veita framkvæmdastjórninni fullnægjandi svör. Þess vegna ætti að fella færsluna varðandi „Ekoagros“ fyrir Úkraínu í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 tímabundið úr gildi þangað til fullnægjandi upplýsingar verða lagðar fram.
- 17) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „IBD Certificações Ltda“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, D og E til Rússlands og afturkalla viðurkenningu sína fyrir vöruflokk C að því er varðar Brasilíu.
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Letis S.A“ um að breyta heimilisfangi þess og að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokk A til Úsbekistans, að því er varðar vöruflokka A og D til Aserbaísjans, Belarúss (Hvíta-Rússland), Egyptalands, Fílabeinsstrandarinnar, Kirgístan, Marokkó, Túrkménistans og Sameinuðu arabísku furstadæmanna, að því er varðar vöruflokka B og C til Costa Rica og að því er varðar vöruflokka A, B, C og D til Belíss, Brasilíu, Kólumbíu, Dómíníska lýðveldisins, Gvatemala, Hondúras, Panama og El Salvadors.
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Oregon Tilth“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Kína.
- 20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organic Control System“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, D og E til Makedóníu (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu).
- 21) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „ORSER“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Nepal.
- 22) „Soil Association Certification Limited“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjútíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

- 23) Því ætti að breyta III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 4. liðar í færslunni sem varðar **Ástralíu** kemur eftirfarandi:

„4. Lögbært yfirvald: Department of Agriculture and Water Resources,

<http://www.agriculture.gov.au/export/controlled-goods/organic-bio-dynamic>“

- 2) Í færslunni sem varðar **Kanada** er 5. lið breytt sem hér segir:

- a) Í stað línanna sem varða kenninúmerin CA-ORG-011 og CA-ORG-021 kemur eftirfarandi:

„CA-ORG-011	Oregon Tilth Incorporated (OTCO)	http://www.tilth.org
CA-ORG-021	TransCanada Organic Certification Services (TCO Cert)	http://www.tcocert.ca/contacts/ “

- b) Línan sem varðar kenninúmerið CA-ORG-012 fellur brott.

- 3) Í stað 4. liðar í færslunni sem varðar **Indland** kemur eftirfarandi:

„4. Lögbært yfirvald: Agricultural and Processed Food Products Export Development Authority APEDA,
<http://www.apeda.gov.in/apedaweb/index.asp>“

- 4) Í færslunni sem varðar **Japan** falla línurnar sem varða JP-BIO-019 og JP-BIO-33 brott.

- 5) Í stað 5. liðar í færslunni sem varðar **Nýja-Sjáland** kemur eftirfarandi:

„5. Eftirlitsaðilar:

NZ-BIO-001	Ministry for Primary Industries (MPI)	http://www.mpi.govt.nz/exporting/food/organics/
NZ-BIO-002	AsureQuality Limited	https://www.asurequality.com
NZ-BIO-003	BioGro New Zealand Limited	https://www.biogro.co.nz “

- 6) Í færslunni sem varðar **Lýðveldið Kóreu** er 5. lið breytt sem hér segir:

- a) Í stað línanna sem varða kenninúmerin KR-ORG-017 og KR-ORG-020 kemur eftirfarandi:

„KR-ORG-017	Jeonnam bioindustry foundation	www.jbf.kr
KR-ORG-020	Green Environmentally-Friendly certification center	http://cafe.naver.com/greenorganic6279 “

- b) Línan sem varðar kenninúmerið KR-ORG-018 fellur brott.

- 7) Í færslunni sem varðar **Sviss** í 5. lið kemur eftirfarandi í stað línunnar sem varðar kenninúmerið CH-BIO-004:

„CH-BIO-004	Ecocert IMOSwiss AG	http://www.ecocert-imo.ch “
-------------	---------------------	---

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í færslunni sem varðar „**Agricert — Certificação de Produtos Alimentares lda**“ í 3. lið er eftirfarandi línur bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„EG-BIO-172	Egyptaland	x	—	—	x	—	—
GN-BIO-172	Gínea	x	—	—	x	—	—
MZ-BIO-172	Mósambík	x	—	—	x	—	—“

- 2) Í færslunni sem varðar „**Albinspekt**“ í 3. lið er eftirfarandi línur bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„AM-BIO-139	Armenía	x	x	—	x	—	—
BA-BIO-139	Bosnía og Hersegóvína	x	x	—	x	—	—
IR-BIO-139	Íran	—	x	—	—	—	—
KZ-BIO-139	Kasakstan	—	x	—	—	—	—
MD-BIO-139	Moldóva	—	x	—	—	—	—
ME-BIO-139	Montenegró (Svartfjallaland)	x	x	—	x	—	—
MK-BIO-139	Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu)	x	x	—	x	—	—
RS-BIO-139	Serbía	x	x	—	x	—	—
TR-BIO-139	Tyrkland	—	x	—	—	—	—
UA-BIO-139	Úkraína	—	x	—	—	—	—“

- 3) Í færslunni sem varðar „**Bioagricert S.r.l.**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi línur bætast við í röð eftir kenninúmeri:

„KZ-BIO-132	Kasakstan	x	—	—	x	x	—
PH-BIO-132	Filippseyjar	x	—	—	x	—	—“

- b) Í línunni sem varðar Frönsku Pólýnesíu er krossmerki bætt við í dálki B.

- 4) Í færslunni sem varðar „**Bio.inspecta AG**“ í 3. lið er eftirfarandi línur bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„DZ-BIO-161	Alsír	x	—	—	x	—	—
KH-BIO-161	Kambódía	x	—	—	x	—	—
TD-BIO-161	Chad	x	—	—	x	—	—
TN-BIO-161	Túnis	x	—	—	x	—	—“

- 5) Færslan sem varðar „**Bolicert Ltd**“ fellur brott.

- 6) Í færslunni sem varðar „**Ecocert SA**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi lína bætist við í röð eftir kenninúmeri:

„LB-BIO-154	Líbanon	x	—	—	x	—	—“
-------------	---------	---	---	---	---	---	----

- b) Í línunum sem varða Haítí, Moldóvu og Tansaníu er krossmerki bætt við í dálki B.
- c) Í línunum sem varða Chile (Síle), Kína, Ekvador, Hong Kong, Hondúras, Indland, Japan, Lýðveldið Kóreu, Marokkó, Mónakó, Madagaskar, Mósambík, Perú, Taíland, Túnis, Tyrkland og Víetnam fellur krossmerkið í dálki C brott.
- d) Í línunni sem varðar Srí Lanka er krossmerki bætt við í dálki E.
- e) Í línunni sem varðar Kenya er krossmerki bætt við í dálki F.
- f) Línurnar sem varða Brúnei og Bandaríkin falla brott.
- 7) Í færslunni sem varðar „**Ekoagros**“ í 3. lið fellur línan sem varðar Úkraínu brott.
- 8) Í færslunni sem varðar „**IBD Certificações Ltda**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi línu er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„RU-BIO-122	Rússland	x	—	—	x	x	—“
-------------	----------	---	---	---	---	---	----

- b) Í línunni sem varðar Brasilíu fellur krossmerkið í dálki C brott.
- 9) Færslunni sem varðar „**Letis SA**“ er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Urquiza 1285 planta alta, Rosario, Santa Fe, Argentina“

- b) í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„AZ-BIO-135	Aserbaísjan	x	—	—	x	—	—
BY-BIO-135	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	—	—	x	—	—
BZ-BIO-135	Belís	x	x	x	x	—	—
BR-BIO-135	Brasilía	x	x	x	x	—	—
CI-BIO-135	Fílabeinsströndin	x	—	—	x	—	—
CO-BIO-135	Kólumbía	x	x	x	x	—	—
CR-BIO-135	Costa Rica	—	x	x	—	—	—
DO-BIO-135	Dóminíska Lýðveldið	x	x	x	x	—	—
EG-BIO-135	Egyptaland	x	—	—	x	—	—
GT-BIO-135	Gvatemala	x	x	x	x	—	—
HN-BIO-135	Hondúras	x	x	x	x	—	—
KG-BIO-135	Kirgistan	x	—	—	x	—	—
MA-BIO-135	Marokkó	x	—	—	x	—	—
PA-BIO-135	Panama	x	x	x	x	—	—
SV-BIO-135	El Salvador	x	x	x	x	—	—
TM-BIO-135	Túrkménistan	x	—	—	x	—	—
AE-BIO-135	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	—	—	x	—	—
VN-BIO-135	Úsbekistan	x	—	—	—	—	—“

10) Í færslunni sem varðar „**Oregon Tilth**“ í 3. lið fellur línan sem varðar Kína brott.

11) Í færslunni sem varðar „**Organic Control System**“ í 3. lið er eftirfarandi línu bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„MK-BIO-162	Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu)	x	—	—	x	x	—“
-------------	--	---	---	---	---	---	----

12) Í færslunni sem varðar „**ORSER**“ í 3. lið fellur línan sem varðar Nepal brott.

13) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar „**Soil Association Certification Limited**“ kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Spear House 51 Victoria Street, Bristol BS1 6AD, United Kingdom“.